



Erindisbréf nefndar um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshreppi

1. Stjórnskipuleg staða:

Nefnd vegna frístunda- og menningarstarfs heyrir undir sveitarstjórn.

2. Tilgangur og markmið nefndar:

Nefndin á að skoða heilt yfir frístunda- og menningarstarf sveitarfélagsins og leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi m.a. um aðstöðu.

3. Skipun nefndar um frístunda- og menningarstarf:

Í nefndinni sitja 3 fulltrúar sveitarstjórnar. Nefndina skipa:

Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kristinn Pálmarsson og Ragnheiður Eggertsdóttir.

Starfsmaður nefndarinnar verður heilsu- og tómstundafulltrúi.

Skipan fulltrúa var staðfest á fundi sveitarstjórnar þann 19. febrúar 2025. Aðrir fulltrúar úr sveitarstjórn hafa seturétt á fundum vinnuhópsins. Að auki er gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðivinnu innan nefndarinnar og hefur nefndin heimild til þess að kalla inn á fund til sín hvern þann sem tengist þeim málum sem fjallað er um.

Starfstími nefndarinnar er frá samþykkt þessa erindisbréfs og þar til nefndin hefur skilað inn tillögum í lok september 2025. Ákvörðun um styttri eða lengri starfstíma getur eingöngu komið frá sveitarstjórn.

4. Hlutverk nefndar um frístunda- og menningarstarf:

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að taka saman núverandi stöðu í frístunda- og menningarstarfi sveitarfélagsins.
 - *Frístund*
 - *Frístundaklúbbur*
 - *Félagsmiðstöð*
 - *Bókasafn*
- Ræða við hagaðila og notendur um framtíðarsýn í frístunda- og menningarstarfi.
 - *Félagasamtök*
 - *Ungmennir*
 - *Eldri borgarar*
 - *Almennir íbúar*
- Taka saman upplýsingar um núverandi aðstöðu undir frístundastarf og möguleika á framtíðaraðstöðu.



- Skila tillögum til sveitarstjórnar að uppbyggingu frístunda- og menningarstarfs sveitarfélagsins í lok starfstíma vinnuhóps.
- Að upplýsa sveitarstjórn, að lágmarki á mánaða fresti, um stöðu verkefnis.

5. Starfshættir:

Um starfshætti nefndarinnar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps og öðrum samþykktum og reglum sem við á. Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli og skal tilkynna um forföll til sveitarstjóra.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum eftir því sem þurfa þykir og hæfir verkefnum nefndarinnar. Heimilt er að taka þátt í fundi með rafrænum hætti.

Heilsu- og tómstundafulltrúi boðar fundi, sendir fundargögn, ritar fundargerðir og heldur utan um önnur gögn varðandi nefndina..

Nefndin skal halda utan um fundargerðir á rafrænan hátt og skal í fundargerðum koma fram hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Fundargerðir skulu sendar á sveitarstjórn til upplýsinga og staðfestingar. Greitt er fyrir setu í nefndinni í samræmi við reglur um launakjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og nefndarmanna í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fundarboðun skal vera skrifleg og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum sem seturétt hafa á fundum eða eru boðaðir, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Á skipunartíma nefndarinnar er heimilt að halda allt að 20 fundi. Leita þarf heimilda sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en tilgreindir eru vegna verkefnisins.

Um sérstakt hæfi fulltrúa nefndarinnar og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

6. Eftirfylgni

Formaður og fulltrúar nefndarinnar skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni ákvarðana.

Erindisbréf þetta var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 19. mars 2025 og tekur þegar gildi.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri